

SAMEINING SÓKNA



SAMEINING SÓKNA

gefið út samkvæmt ályktun kirkjupings 2011

Pingsályktun um sameiningu sókna innan prestakalla

Kirkjuping 2011 hvetur sóknarnefndir til að kynna sér kosti sameiningar sókna innan prestakalla og hefja undirbúning að sameiningu þar sem hentugt þykir og sátt næst um.

Kirkjuping beinir því til kirkjuráðs að fylgja málinu eftir með kynningu og ráðgjöf til sóknarnefnda.



Útgefandi: Kirkjuráð, Reykjavík 2012
Biskupsstofu, Laugavegi 31, 150 Reykjavík
© Kirkjuráð

Ritstjóri og ábyrgðarmaður:
Guðmundur Þór Guðmundsson, framkvæmdastjóri kirkjuráðs

www.kirkjan.is

I. Inngangur

Sameining sókna getur verið áhugaverður kostur fyrir sóknarmenn þjóðkirkjunnar til að bæta og efla kirkjulega þjónustu og auka hagræði í rekstri.

Sameining sókna felur ekki í sér að kirkjur sókna verði sjálfkrafa aflagðar eða megi ekki heita nafni því sem hefð stendur til. Þá eru ýmsir möguleikar á að tryggja kirkjum áframhaldandi umsjón þeirra sem næst standa t.d. með því að skipa sérstakar kirkjunefndir í sameinaðri sókn fyrir hverja kirkju, sem ekki verður áfram sóknarkirkja. Slík kirkjunefnd starfar í umboði sóknarnefndar hinnar sameinuðu sóknar og getur t.d. annast um viðhald og varðveislu kirkjubyggingar. Eigi kirkja sjóð t.d. gjafasjóð eða söfnunarsjóð er sömuleiðis vel hugsanlegt að semja um að hann sé frátekinn til tiltekinna verkefna við tiltekna kirkju. Unnt er að semja um ýmsa slíka þætti fyrirfram í sameiningarviðræðum.

Kirkjuþing samþykkti árið 2000 stefnumörkun um framtíðarskipan sókna, sem er í fullu gildi.



II. Forsendur

Sóknum ber að stuðla að – og viðhalda – samfélagi sóknarbarna til trúariðkunar. Sóknum ber að veita sóknarbörnum eins góða og mikla þjónustu og kostur er samkvæmt markmiðum og tilgangi safnaðarstarfsins og sem auðlindir sóknarinnar leyfa. Því betri nýting sem er á auðlindum sóknarinnar því betri og meiri þjónustu er unnt að veita sóknarbörnum.

Samkvæmt stefnu Kirkjupings eru tilteknir hlutlægir mælikvarðar lagðir til grundvallar því hvaða lágmarksviðmið þurfa að vera uppfyllt til að telja megi að sókn sé viðunandi starfhæf eining.

Hins vegar þarf að líta á fleiri þætti en hina hlutlægu. Sóknarbörn kunna að vilja tengjast fleirum í trúariðkun sinni og safnaðarstarfi með því að stækka söfnuðinn með sameiningu við nágrannasöfnuð.

Á hinn bóginn geta hefð, saga og tilfinningar haft mikil áhrif á afstöðu sóknarbarna til sóknar sinnar.

Samkvæmt 3. gr. starfsreglna um skipulag kirkjunnar í héraði nr. 1026/2007, getur hver þjóðkirkjuþegn gert tillögu um breytingu á skipan sókna, prestakalla og prófastsdæma. Starfsreglurnar eru birtar á vef kirkjunnar, kirkjan.is/stjornsysla/log/starfsreglur

Tillögur um breytingar á skipan sókna og prestakalla skulu fá umsögn á safnaðarfundum viðkomandi sókna og því næst bornar upp á héraðsfundi, sem sendir þær biskupafundi. Hann býr málið til kirkjupings.

Það er því kirkjuping sem ákveður skipan sókna landsins.



III. Undirbúningur

Meginreglan er sú að sameining sókna er innan eins prestakalls. Ef eðlilegt þykir að ræða sameiningu sókna sem eru í tveimur prestaköllum eða jafnvel fleiri, þarf atbeina kirkjustjórnarinnar að slíkum viðræðum.

Það viðhorf er almennt ríkjandi að æskilegt sé að frumkvæði komi frá sóknarbörnum í sóknum sem rök kunna að standa til, samkvæmt framanskráðu, að sameinist. Hins vegar getur kirkjustjórnin átt frumkvæði að slíkum tillögum einnig. Meta þarf það í hverju tilviki af sóknarnefnd hvort ræða eigi málið almennt á safnaðarfundi sóknar í byrjun eða hvort menn telji óhætt að efna til viðræðna milli sókna.

Eðlilegt er að formenn sóknarnefnda eða sérstaklega tilnefndir fulltrúar sókna – tveggja eða fleiri – taki upp viðræður um kosti og galla sameiningar. Ef það er metið svo eftir fyrstu viðræður að rétt sé að ræða málið frekar, er rétt að sóknarprestur og prófastur komi að viðræðunum eða tjái sig a.m.k. um hugmyndirnar.

Það sem þarf að ræða á þessu stigi eru m.a. eftirfarandi málefni:

- *Hvernig verður kirkjuleg þjónusta og samfélag í sameinaðri sókn?*
- *Hvernig verður helgihaldi háttað í kirkjum sameinaðrar sóknar?*
- *Hvaða kirkja verður sóknarkirkja?*
- *Hver verður staða annarra kirkna í prestakallinu, sbr. 1. gr. starfsreglna um kirkjur og safnaðarheimili nr. 822/2000?*
- *Eru skuldir, skuldbindingar, eða sjóðir eða aðrar eignir, sem ræða þarf sérstaklega? Eru fyrirsjáanlegar nauðsynlegar, kostnaðarsamar framkvæmdir, eignakaup eða nýbyggingar?*
- *Hvert verður nafn sameinaðrar sóknar og eftir atvikum sóknar-kirkju sameinaðs safnaðar?*
- *Er eðlilegt að skipa sérnefndir um tiltekin málefni, sbr. 19. gr. starfsreglna um sóknarnefndir nr. 1111/2011?*
- *Hvernig er staða kirkjugarða sóknanna þ.m.t. fjárhagsleg? Þarf að ræða eitthvað sérstaklega um þá?*
- *Önnur málefni sem kann að þurfa að ræða.*

Leiði viðræður til þess að menn séu ásáttir um að sameining geti talist æskileg, er mælt með því að undirrituð sé sameiginleg viljayfirlýsing fulltrúa sóknanna um helstu atriði sameiningar samkvæmt framanskráðu.

IV. Framkvæmd

Leiði viðræður samkvæmt framanskráðu til þess að rök þyki standa til þess að sameina eina eða fleiri sóknir er rétt að sóknarnefnd í hverri þeirri sókn sem um er að ræða, undirbúi sameiningartillögu til framlagningar á safnaðarfundi, en safnaðarfundur veitir umsögn um sameiningartillögu, eins og áður segir.

Í tillögunni þarf að fara yfir og gera tillögur í samræmi við þau atriði sem nefnd eru í kaflanum um undirbúning. Æskilegt er að tillögur séu samræmdar milli sókna, eins og kostur er. Ef um fleiri en tvær sóknir er að ræða gæti verið rétt að orða tillöguna þannig að safnaðarfundur mæli með sameiningu við allar hlutaðeigandi sóknir eða eina eða fleiri þeirra. Þetta er til öryggis ef umsögn safnaðarfundar mælir gegn sameiningartillögu.

Þá er rétt að bera upp tillögu þess efnis að formönnum sóknarnefnda sóknanna eða sérstaklega tilgreindum aðilum, sé veitt umboð til að boða til safnaðarfundar sameinaðrar sóknar, eftir að sameining hefur öðlast gildi.

Safnaðarfundur getur ákveðið að fresta afgreiðslu tillögu, annað hvort til sérstaklega boðaðs safnaðarfundar eða næsta safnaðarfundar að ári.



Samkvæmt 3. gr. starfsreglna um skipulag kirkjunnar í héraði nr. 1026/2007 skal tillaga um sameiningu sókna borin upp á héraðsfundi. Rétt er að formenn eða fundarritarar sókna þeirra sem í hlut eiga, sendi prófasti umsagnir safnaðarfunda, þannig að kostur gefist á að bera tillöguna upp á héraðsfundinum. Prófastur sendir úrlausn héraðsfundar til biskupafundar, sem býr málið til kirkjupings.

Samkvæmt starfsreglum er að miða gildistöku sameiningartillagna við 30. nóvember, en við þá dagsetningu miðast m.a. hvaða sókn þjóðkirkjumenn tilheyrja, ráðstöfun sóknargjalda miðast einnig við þann dag svo og opinberar upplýsingar Hagstofu Íslands um skráningu í trúfélög.

V. Eftir gildistöku sameiningar

Boða þarf safnaðarfund sameinaðrar sóknar og er mælt með því að það sé gert sem allra fyrst eftir gildistöku sameiningar. Sennilega er rétt að prófastur ásamt formönnum, eða þeim sem veitt var umboð, boði til fundarins. Á fundinum þarf að afgreiða eftirfarandi málefni:

Kosning sóknarnefndar ásamt varamönnum – hluti sóknarnefndar er kosinn til fjögurra ára en hluti til tveggja ára. Sjá nánar um þetta í 3. gr. starfsreglna um sóknarnefndir nr. 1111/2011. Starfsreglurnar eru birtar á vef kirkjunnar, kirkjan.is/stjornsysla/log/starfsreglur

Sóknarnefnd skiptir síðan með sér verkum formanns, gjaldkera og ritara og varamanna þeirra. Sóknarnefnd kýs einnig safnaðarfulltrúa og varamann hans og ákveður verkefni er hann hafi með höndum. Safnaðarfulltrúi og formaður sóknarnefndar mæta sem fulltrúar sóknarinnar á héraðsfund prófastsdæmisins.

Tilnefning fulltrúa og varamanns hans í fulltrúaráð Hjálparstarfs kirkjunnar, sbr. skipulagsskrá Hjálparstarfsins. Skipulagsskráin er birt á help.is.

Valnefnd, sbr. starfsreglur um val og veitingu prestsembætta nr. 1109/2011. Starfsreglurnar eru birtar á vef kirkjunnar, kirkjan.is/stjornsysla/log/starfsreglur

FRAMTÍÐARSKIPAN SÓKNA, PRESTAKALLA OG PRÓFASTSDÆMA

Inngangur

Skipan sókna, prestakalla og prófastsdæma myndar umgjörð um hið almenna starf þjóðkirkjunnar í söfnuðum, prestaköllum og prófastsdæmum. Mikilvægt er að skipulagið byggist á hagkvæmni og skilvirkni og að tekið sé mið af aðstæðum í hverju tilviki. Jafnframt þarf að líta til sögunnar og venjunnar. Eftirfarandi stefnumörkun er byggð á þessum þáttum.

Um skipan sókna

Þegar ályktað er um afmörkun sókna skal lítið til mannfjölda og landfræðilegra marka. Leitast skal við að sóknarmörk fylgi almennum landfræðilegum og félagslegum mörkum. Landfræðileg mörk í dreifbýli eru m.a. fjöll, firðir og ár. Í þéttbýli eru það einnig mörk byggða- og skólahverfa, stórar umferðaræðar og fleira. Taka skal tillit til sveitarfélaga og annarra félagslegra þátta. Mat sóknarbarna sjálfra verður að ráða stærð



og mannfjölda viðkomandi sókna að meginstefnu til, enda sé það byggt á gildum rökum. Í hraðvaxta byggðahverfum er eðlilegt að kirkjustjórnin hafi frumkvæði að því að skipuleggja og stofna nýjar sóknir fram í tímann, jafnvel áður en hverfi byggjast.

Miða skal við að sókn hafi a.m.k. 500.000,- kr. í tekjur af sóknargjöldum á ári, til að geta haldið uppi lágmarkspjónustu og viðunandi stjórnsýslu. Af því leiðir að ekki skulu vera færri en 100 gjaldendur sóknargjalda í sókn að jafnaði.

Heppilegasta og eðlilegasta tala sóknarbarna í sókn er 150-1500 sóknarbörn í hverri sókn í dreifbýli en allt að 10.000 í þéttbýli.

Um skipan prestakalla

Prestaköll eru skilgreindar grunnþjónustueiningar prestsþjónustunnar samkvæmt lögum nr. 78/1997, en sóknir mynda prestakall, eins og segir í 48. gr. laganna. Þjónusta kirkjunnar felst í eftirtöldu:

- a) *reglubundnu helgihaldi árið um kring*
- b) *almennri prestsþjónustu í boðun, uppfræðslu og stuðningi*
- c) *skírn, fermingu, hjónavígslu, greftrun*
- d) *safnaðarstarfi; margvíslegu félagsstarfi í söfnuði*
- e) *vitjunum sjúkra, einstæðra og þeirra sem eiga um sárt að binda; þjónustu á stofnunum*
- f) *sálusorgun og trúnaðarsamtölum; hlusta, uppörva, hughreysta og styðja*
- g) *opinberri og óopinberri sáttaumleitan*
- h) *þátttöku í samfélaginu; t. d. við margs konar hátíðir eða atburði*
- i) *margvíslegri fyrirgreiðslu, þjónustu, aðstoð og stuðningi við fólk í daglegu lífi.*

Af þessu leiðir að þörf er á fjölskipuðu liði presta á hverju starfssvæði. Í þéttbýli skal stefnt að því að í hverju prestakalli starfi tveir eða fleiri

prestar saman. Í prestaköllum í þéttbýli, þar sem sóknarprestur starfar einn, skal hann njóta stoðþjónustu sérþjónustupresta, héraðspresta eða nágrannapresta. Í dreifbýli skal þessum markmiðum náð með auknu samstarfi sóknarpresta. Prófastur skipuleggur samstarfið.

Sérþjónusta kirkjunnar felst í því að afmarkaður hópur nýtur þjónustu prests, djákna og/eða að sérþjónustuprestsembætti sé falið tiltekið verkefni. Afmörkunin kemur til vegna sérstakra aðstæðna einstaklinga þeirra sem í hlut eiga, sem oftast eru þannig að þeir geta ekki nýtt sér almenna þjónustu.

Mikilvægt er að bæta og efla þjónustu kirkjunnar. Nýta verður hvert embætti sem best, og leitast við að skipulagið sé þannig úr garði gert að gætt sé hagkvæmni, skilvirkni og einfaldleika í hvívetna eftir því sem kostur er, svo að fjármunir nýtist sem best. Málefnið varðar hagsmuni kirkjunnar í heild. Eðlilegt er að fjölmennar og fjársterkar sóknir taki þátt í að standa straum af kostnaði við ráðningu nýrra presta. Þannig má fjölga prestum í fjölmönnum sóknum, án þess að strax verði mynduð ný sókn eða byggð ný kirkja.

Eðlilegt er að grunnviðmiðunin sé sú að þjónustubyrðin á hvern prest sé sem áþekktust enda er um að ræða þjónustu við allt þjóðkirkjufólk landsins. Þetta er grunnforsenda fyrir skipulagi kirkjunnar á þjónustu sinni. Frávik má því aðeins gera ef önnur sjónarmið þykja vega þyngra á metunum.

Samkvæmt þessu er meginreglan sú að meðaltalsmannfjöldi sá, sem hver prestur á að þjóna, er um 2000 til 3000 sóknarbörn. Leitast verður við að ráðstafa til þeirra prestakalla þar sem þjónustubyrðin fer fram úr þessari viðmiðun prestsembættum eftir því, sem föng verða á. Einnig má styrkja prestsþjónustuna með þjónustu djákna, svo og öðru starfsfólki, sem



sóknarnefndir ráða. Vegna landfræðilegra aðstæðna, svo sem vegalengda og fjallvega, er nauðsynlegt að lækka þessa viðmiðun í dreifbýli. Þegar meta skal frávik í þéttbýli skal taka tillit til þeirrar þjónustu sem héraðsprestar, sérþjónustuprestar, djáknar og starfsfólk safnaða veitir, auk þjónustu stofnana kirkjunnar og annarra.

Sóknin er grunneining í öllu starfi kirkjunnar. Út frá því, sem hér á undan er sagt um þjónustu kirkjunnar, má draga þá ályktun að meginreglan hljóti að vera sú að í hverju prestakalli séu ekki fleiri en fjórar sóknir. Fleiri sóknir leiða til þess að starfssvæði stækkar og samstarfsaðilum fjölgar í prestakalli og þá glatast bæði yfirsýn og hagræði minnkar.

Um skipan prófastsdæma

Um skipan prófastsdæma gilda sömu reglur og um skipan sókna og prestakalla að meginstefnu til. Eðlilegt er að líta til skipulags prófastsþjónustunnar í tengslum við mat á skipan sókna, prestakalla og prófastsdæma. Í því sambandi er lítið til eðlis starfa prófastanna, sem trúnaðarmanna og ráðgjafa biskups í héraði, þeirra skyldna sem á þeim hvíla, sbr. einkum starfsreglur um prófaste nr. 734/1998 og jafnframt þess grundvallaratriðis að prófastsdæmi markar kirkjulegu starfi í héraði ramma, sbr. starfsreglur um héraðsfundi og héraðsnefndir nr. 733/1998. Prófastsdæmi er samkvæmt þessu starfssvæði eða umdæmi prófasts annars vegar og landfræðileg umgjörð kirkjulegs starfs á héraðsvísu hins vegar.

Eftirfarandi atriði verður sérstaklega að hafa í huga við mat á umfangi og stærð prófastsdæma:

- a) að starfssvæðið hvað varðar mannfjölda, fjölda presta og víðfeðmi sé af heppilegri og eðlilegri stærð þ.e. hvorki of lítið né of stórt. Starfssvæðið verður að vera nægilega stórt til að unnt sé að halda uppi öflugum starfi, að héraðssjóður hafi nægilegar tekjur. Þá verður umdæmið að vera landfræðileg heild svo og eðlileg og rökrétt félagsleg heild að öðru leyti.
- b) prófastur verður að geta sinnt prófastsstörfum með öðrum starfsskyldum sínum og jafnan haft yfirsýn yfir prófastsdæmið.

Framkvæmd stefnunnar

Biskupafundur feli héraðsnefndum að skoða sérstaklega skipan sókna, prestakalla og prófastsdæma í ljósi stefnumörkunar þessarar og rökstyðja ítarlega allar hugmyndir.

Huga þarf nánar að stefnumörkun vegna prófaste og prófastsdæma.